

# Skipan í siðanefnd Þroskaþjálfafélags Íslands og starfsreglur

## A. Skipan í siðanefnd Þroskaþjálfafélags Íslands

1. Um skipan í siðanefnd fer skv. lögum Þroskaþjálfafélags Íslands gr. 10.6.
2. Stjórn ÞÍ tilnefnir siðanefnd, sem tilkynnt skal á aðalfundi félagsins. Í siðanefnd skulu sitja þrjú þroskaþjálfar. Leitast skal við að þeir eigi sér ólíkan starfsvettvang.
3. Til að þroskaþjálfari teljist hæfur til setu í siðanefnd þarf hann að hafa óflekkað mannorð og hafa starfað sem þroskaþjálfari í að minnsta kosti 5 ár. Þroskaþjálfari sem tilnefndur er í siðanefnd skal ekki sitja í stjórn eða öðrum nefndum ÞÍ.
4. Varamenn skulu vera jafn margir og með sömu skilyrðum. Varafulltrúi siðanefndar skal kallaður til þegar aðalfulltrúi siðanefndar er vanhæfur til að fjalla um tiltekið mál eða er fjarverandi.
5. Telji siðanefnd, stjórn ÞÍ eða málsaðili að um vanhæfni nefndarmanns geti verið að ræða í ákveðnu máli skal sá víkja, en varamaður taka sæti hans.
6. Í siðanefnd skal skipað til þriggja ára í senn. Endurkosning er heimil, en þó ekki lengur en tvö tímabil samfellt. Siðanefnd starfar sjálfstætt og er óháð stjórn eða öðrum nefndum félagsins.

## B. Hlutverk siðanefndar

7. Siðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum ÞÍ eins og þær eru á hverjum tíma.
8. Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfara og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Siðanefnd er opin fyrir beiðnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málefni.
9. Siðanefnd skal gæta fyllstu varúðar og trúnaðar í meðferð og vörslu gagna. Gögn siðanefndar skulu geymd í 10 ár. Fundargerðir siðanefndar, úrskurðir, skjöl sem nefndinni eru látin í té og skjöl sem verða til vegna málsmeðferðarinnar skulu geymd í húsnæði ÞÍ og varðveitt á þann hátt að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Siðanefnd útbýr jafnframt eintak af úrskurði sínum í ónafngreindu formi sem varðveitt er með öðrum gögnum.

### C. Hverjir geta sent erindi til siðanefndar

10. Allir þeir þroskaþjálfar sem telja sig hafa orðið varir við siðferðilegt brot í starfi hjá þroskaþjálfa geta sent erindi til siðanefndar. Þetta gildir einnig ef viðkomandi er ekki aðili að PÍ.

11. Erindi má einnig leggja fram af einstaklingi í þjónustu, talsmanni hans og/eða fagaðila.

12. Siðanefnd er heimilt að taka upp mál að eigin frumkvæði telji hún þess þörf.

### D. Vinnuaðferðir og vinnsla erinda

13. Erindi til siðanefndar skulu berast beint til formanns siðanefndar og vera skrifleg. Siðanefnd getur aðstoðað við að móta erindið. Einnig getur stjórn félagsins beint málum til siðanefndar. Að höfðu samráði við aðra nefndarmenn tekur formaður ákvörðum um hvort erindið skuli tekið til meðferðar. Endursenda skal erindi sem vísað hefur verið frá.

14. Siðanefnd tekur mál fyrir í þeirri röð sem þau berast. Siðanefnd er aðeins ályktunarhæf að allir fulltrúar nefndarinnar séu mættir. Þetta ákvæði hindrar þó ekki að erindi séu rædd og undirbúin þó að einn fulltrúa vanti.

15. Við upphaf málsmeðferðar kannar siðanefnd hvort þeim kröfum sem gerðar eru til málshefjanda hafi verið fullnægt (11. gr siðareglna). Sé svo ekki skal siðanefnd óska eftir gildum rökum og meta út frá hverju máli fyrir sig hvort erindi skuli vísað frá eða ekki. Málshefjanda skal skýra skriflega frá orsökum frávísunar.

16. Í erindi skal koma fram hverja málið varðar, aðstæðum lýst og hið meinta siðferðilega brot skal tiltekið. Erindi frá einstaklingi í þjónustu verður að fylgja undirrituð yfirlýsing frá honum um að málsaðili þurfi ekki lengur að virða þagnarskyldu gerist þess þörf.

17. Þegar erindi er tekið til meðferðar skal málsaðilum, málshefjanda og gagnaðila sem kvartað er undan, veittar skriflegar upplýsingar um eðli og umfang erindis. Siðanefnd skal bjóða málsaðilum að skýra sjónarmið sín á fundum nefndarinnar. Hún getur einnig óskað eftir skriflegri greinargerð frá málsaðilum. Siðanefnd ákveður hvort viðbótargagna skuli aflað og hvort kalla þurfi fleiri aðila fyrir nefndina. Ef þörf krefur er siðanefnd heimilt að leita sér utanaðkomandi aðstoðar sérfróðs aðila eftir eðli máls hverju sinni.

18. Gagnaðili getur óskað eftir að fá afrit af erindinu með fylgiskjölum nema því aðeins að siðanefnd meti það svo að hagsmunir þriðja aðila standi í vegi.

19. Málsaðilum er boðið að koma með endanlega athugasemd áður en úrskurðað er í málinu. Ef málsaðili hafnar samvinnu við vinnslu máls eða skilar ekki umbeðnum gögnum innan tilskilins tíma, getur siðanefnd að eigin ákvörðun annað hvort vísað erindi frá eða komist að niðurstöðu á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir.

20. Siðanefnd úrskurðar í álitamálum eftir ákvæðum siðareglna og með hliðsjón af eldri úrskurðum.

21. Þegar siðanefnd telur mál nægilega upplýst skal hún kveða upp úrskurð. Hann skal kveða upp eins fljótt og auðið er, þó eigi síðar en 6 mánuðum eftir að erindi berst til siðanefndar nema sérstakar ástæður komi til. Úrskurður skal vera skriflegur, studdur rökum og fara eftir vilja meirihluta siðanefndar. Fulltrúi siðanefndar getur ekki skorast undan að segja álit sitt. Sé álit hans á annan veg en meirihlutans skal hann skila séráliti. Úrskurður siðanefndar getur falið í sér eftirfarandi:

- a. Frávísun máls.
- b. Að ekki hafi verið brotið gegn siðareglum þroskaþjálfara.
- c. Að brotið hafi verið gegn siðareglum þroskaþjálfara.

Ef siðanefnd úrskurðar að brotið hafi verið gegn siðareglum þroskaþjálfara skal hún veita áminningu. Áminningar geta ýmist verið munnlegar eða skriflegar allt eftir alvarleika brotsins. Ef um alvarlegt brot er að ræða getur siðanefnd vísað málinu til landlæknis.

#### **E. Upplýsingaskylda siðanefndar og birting úrskurða**

22. Fá siðanefnd rökstuddan grun, meðan hún hefur mál til meðferðar um að fyrir liggja aðstæður sem kunni að leiða til refsiaþbyrgðar og/eða viðbragða skv. lögum um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007, skal siðanefnd þegar í stað senda málið þar til bærum yfirvöldum til skoðunar. Tilkynna skal stjórn ÞÍ um upplýsingagjöfina.

23. Siðanefnd er heimilt að birta nafnlausu úrskurði sína á vefsíðu Þroskaþjálfafélags Íslands. Forsenda birtingar er álit meirihluta nefndarinnar um að ekki sé unnt að bera kennsl á málsaðila eða aðra sem getið er um í úrskurðinum þegar nöfn og aðrar persónugreinanlegar upplýsingar hafa verið fjarlægðar.

24. Siðanefnd tilkynnir málsaðilum og stjórn Þroskaþjálfafélags Íslands um úrskurði og áminningar innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu.

25. Siðanefnd skal leggja fram ársskýrslu á aðalfundi ÞÍ.

#### **F. Leiðbeiningar vegna erinda til siðanefndar ÞÍ**

26. Eftirfarandi upplýsingar þurfa að koma fram í erindi til siðanefndar:

- a) Nafn þroskaþjálfara sem í hlut á/eiga.
- b) Nafn, heimilisfang og símanúmer þess sem erindið sendir.
- c) Lýsing á því sem erindið fjallar um þar sem málavöxtum er lýst nákvæmlega.

26. Til að tryggja trúnað skal senda erindi með pósti stílað á:

Siðanefnd Þroskaþjálfafélags Íslands  
Borgartúni 6  
105 Reykjavík